

Landmótun ehf
Yngvi Þór Loftsson
Hamraborg 12 5h
200 Kópavogur

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
- 6. sep. 2010 10.4.2	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. september 2010

Tilvísun: UST20100300195/ksj

Blönduósbær Aðalskipulag 2010 - 2030. Tillaga

Vísað er til erindis Landmótunar er barst 31. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010 – 2030

Umhverfisstofnun tekur undir stefnu skipulagstillögunnar um ný íbúðarsvæði og þéttingu byggðar. Umhverfisstofnun tekur undir stefnu skipulagstillögunnar um hverfisvernd

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að Aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010 – 2030

Iðnaðarsvæði

Aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir að um 500 ha athafnasvæði í landi Hnjúka verði lagt undir gagnaver. Í umfjöllun segir að: „*Svæðið verður skilgreint sem blönduð landnotkun athafna- og iðnaðarsvæðis vegna varaflsstöðvar sem staðsett verður innan svæðisins*“. Einnig kemur fram í umfjöllun um athafnasvæðið að svæðið sé að hluta til framræst beitarland, og hálfgrónir og lítt grónir melar. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram að á svæðinu er Hnjúkatjörn sem er u.þ.b. 85.000 m². Í 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er fjallað um jarðmyndanir og vistkerfi sem skv. lögunum njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er, og þar á meðal er: „*b. Stöðuvötn og tjarnir 1.000 m² að stærð eða stærri*.“ Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að Hnjúkatjörn og umhverfi verði ekki fyrir röskun enda hefur tjörnin og umhverfi mikið útivistargildi, auk þess að tjarnir eru mikilvæg búsvæði og hafa að geyma fjölbreytt lífríki.

Sorpförgun


Framtíðar sorpförgunarstaður fyrir Blönduósbæ og önnur sveitarfélög hefur verið valinn staður að Sölvabakka í Blönduósbæ. Mat á umhverfisáhrifum starfseminnar hefur farið fram. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er sú að neikvæð sjónræn áhrif verði mest í nágrenni staðarins meðan á uppbyggingu stendur og að lyktarmengun frá urðunarstaðnum verði mest á bænum Sölvabakka við vissar veðuraðstæður. Umhverfisstofnun tekur undir með skipulagstillögunni um mikilvægi þess að verklag og vinnubrögð við rekstur urðunarstaðarins verði til fyrirmyndar, enda kemur fram í niðurstöðu Skipulagsstofnunar að þau atriði ráði alfarið um


hversu vel tekst til við að draga úr neikvæðum áhrifum urðunarinnar og efnistökkunnar við Sölvabakka.

Skógrækt

Í umfjöllun um skógrækt og landgræðslu kemur fram að skógræktar- og landgræðslusvæði séu ekki afmörkuð sérstaklega, en að áhugi sé á því að auka þáttöku í Norðurlandsskógaverkefninu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í aðalskipulagi sé gerð grein fyrir þeim svæðum sem ætluð eru undir skógrækt í samræmi við kafla 4.14.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 þar sem segir að sérstaklega skuli gera grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgræðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða. Ef skógræktarsvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á aðalskipulagsupprætti telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að núverandi og fyrirhuguð skógræktarsvæði séu sýnd á sérstöku þemakorti með aðalskipulaginu. Þannig fæst yfirsýn yfir stöðu skógræktar í sveitarfélaginu.

Virðingarfyllst


Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun